

Stjórnvaldssekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 20. desember 2005 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Aðalstein Karlsson, þáverandi stjórnarmann og fruminnherja í Atorku Group hf., kr. 150.000,- vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að Aðalsteinn Karlsson hafi brotið gegn 63. gr. vvl. þegar hann tilkynnti ekki án tafar til Atorku Group hf. um víðskipti fjárhagslega tengds aðila með hlutabréf í félaginu. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Um var að ræða víðskipti Genthø Portfolio SA, þann 31. ágúst 2005, en tilkynning barst ekki Atorka Group hf. fyrr en 2. september 2005.

Með vísan til framangreinds og 74. gr. vvl. var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 150.000,-